

# Farsæld barna

## Diplómanám og rannsóknarnet

*Ragnheiður Hergeirsdóttir, félagsráðgjafi MA, lektor  
við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands*

*Herdís Steingrímsdóttir, hagfræðingur MA, Ph.D., lektor  
við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands*



Ragnheiður  
Hergeirsdóttir



Herdís  
Steingrímsdóttir

Mennta- og barnamálaráðherra og Háskóli Íslands gerðu árið 2022 með sér samning um stuðning HÍ við innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu við börn og fjölskyldur nr. 86/2021. Samkvæmt samningnum skyldi ráðið í tvær stöður lektora á sviði farsældar við Félagsráðgjafardeild HÍ og voru höfundar þessarar greinar ráðnar í umræddar stöður til þriggja ára frá 1. apríl 2022. Samningurinn er annars vegar um það að koma á fót og veita umsjón nýju þverfaglegu diplómanámi á sviði farsældar barna og hins vegar að stofna og halda utan um Samstarfsnet um rannsóknir á farsæld barna á Íslandi – Farsældarnet (*The Icelandic Research-Network on the Wellbeing of Children and Families (ICEWEL)*).

### Diplóma á sviði farsældar barna

Rauði þráðurinn í farsældarlögunum er réttindi barna í samræmi við stjórnarskrána, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og aðrar skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirritað. Til að vel gangi að innleiða og festa í sessi þessar mikilvægu áherslur þurfa þau sem starfa með börnum að fá sem besta fræðslu og leiðsögn um það hvernig árangursríkast er að tryggja farsæld allra barna.

Námið var auglýst sl. vor og bærust 175 umsóknir. Alls hófu 124 námið í ágúst sl. og við síðustu áramót

voru virkir nemendur 112. Nemendur eru með fjölbreytta menntun og reynslu að baki, þeir koma víðs vegar að af landinu og eru allir í starfi með börnum eða við þjónustu sem snertir málefni barna. Námið er eins árs þverfaglegt fjarnám með starfi og er kennslu streymt í rauntíma einu sinni í viku auk þess sem nemendur mæta í fjórar tveggja daga staðlotur á kennsluárinu. Rík áhersla er lögð á að nemendur fái tækifæri til að vinna saman í hópum þvert á faggreinar og búsetu til þess að þeir geti lært hver af öðrum, styrkt þverfaglega sýn og nálgun og eftir faglegt tengslanet sitt. Námsmat er byggt á einstaklings- og hópverkefnum auk þátttöku, og skyldumæting er í staðlotur.

Áherslur í náminu eru jafnt á það að byggja upp fræðilegan grunn nemenda og kynna fyrir þeim hagnýtar aðferðir sem geta nýst þeim í starfi. Námið samanstendur af þremur námskeiðum sem eru 10 ECT-einingar hvert. Í fyrsta námskeiðinu, „Börn og farsæld: Réttindi og þátttaka barna“, er lögð áhersla á að veita grundvallarþekkingu á bernskufræðum. Fjallað er um hagsmuni og farsæld barna, m.a. út frá verndandi og ógnandi þáttum og mikilvægi snemmtæktrar þjónustu. Námskeiði tvö, „Samþætt þjónusta við börn: Löggjöf um farsæld“, er ætlað að veita grundvallarþekkingu og skilning á löggjöf sem varðar þjónustu við börn með sérstakri áherslu á lög um samþætta þjónustu við börn í þágu farsældar barna, barnasáttmála SP og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði barnaréttar. Fjallað er um það hvernig löggjöfin leggur áherslu á fyrsta stigs þjónustu við börn og hvernig koma megi í veg fyrir aðstæður sem ógna farsæld barna. Í seinni hluta námskeiðsins er lögð áhersla á beitingu þekkingar og er meðal annars unnið með raunhæf dæmi af vettvangi. Í síðasta námskeiðinu, „Tengiliðir og þverfaglegt samstarf: Nýtt vinnulag í þágu barna“, er áherslan á samvinnu, samráð og þverfaglega teymisvinnu innan og utan stofnana. Á nám-

skeiðinu er fjallað um samþættingu þjónustu og nemendur fá tækifæri til að rýna og greina styrkleika sína og hindranir á þessu sviði. Meðal annars læra þeir að tileinka sér og nýta endurgjöf til faglegs þroska í samvinnu og teymisvinnu, og loks er viðfangsefnið, farsæld barna, skoðað út frá kostnaðar- og nytjagreiningum með áherslu á félagslegar fjárfestingar, sjálfbærni og heimsmarkmið SP.

Nýju lögin tóku gildi 1. janúar 2022 og innleiðing þeirra er hafin um allt land en mislangt á veg komin. Framundan er lærdómsferli sem krefst samstöðu og samþættingar á öllum sviðum samfélagsins. Samstarf og samráð milli kennara og nemenda sem hófu námið sl. haust hefur verið mikils virði við mótun námsleiðarinnar og mun án efa reynast mikilvægt og dýrmætt við innleiðingu farsældarlaganna um allt land. Þessir nemendur eru frumkvöðlar og þess má vænta að þeir verði boðberar farsældar og samþættingar í málefnum barna og fjölskyldna um landið allt.

### Farsældarnetið – Samstarfsnet um rannsóknir á farsæld barna á Íslandi

Undirbúningur að stofnun Farsældarnetsins stendur yfir og er áætlað að formlegt starf hefjist í mars 2023. Farsældarnetið á að ná til alls fræðafólks sem stundar rannsóknir á málefnum barna og fjölskyldna og þjónustu velferðarkerfisins við þau. Tilgangur rannsóknarnetsins er að efla þverfaglegt samstarf og umræðu í rannsóknnum á farsæld barna. Farsældarnetið skapar vettvang fyrir fræðafólk til að segja frá rannsóknum sínum og sérstakt vefsvæði á að halda utan um rannsóknir, birtingar og niðurstöður barnarannsókna fræðafólks á Farsældarnetinu. Farsældarnetið mun eftir fongum halda mál- og vinnustofur, málþing og opna viðburði um barnarannsóknir.

## Evrópuráðstefna félagsráðgjafa

Evrópudeild Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW-Europe) verður að þessu sinni með ráðstefnu sína í Prag 21. til 24. maí 2023 undir yfirskriftinni *Against all odds, social Europe is possible where no one is left behind!* Heimasiða ráðstefnunnar er [www.ifsw.2023.org](http://www.ifsw.2023.org)



## Social work and social development

Alþjóðasamtök félagsráðgjafa (IFSW), Alþjóðasamtök félagsráðgjafaskóla (IASSW) og Alþjóðaráð félagsþjónustu (ICSW) hafa átt í samstarfi í rúm 10 ár. Þessi samtök standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Panama 4. til 7. apríl 2024 undir yfirskriftinni *Respecting diversity through collective actions*. Heimasiða ráðstefnunnar er [www.swsd2024.org.pa](http://www.swsd2024.org.pa)

